



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5 október, 2015

Efni: 25. mál, lagafrumvarp

Pingskjal 582 – 458. mál. 145. löggjafarþing 2015–2016.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við endurskoðun á fæðingarorlofslöggjöfnni. Dr. Helga Sól Ólafsdóttir, lektor í Félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands vann álitid. Ástæða er til að nefna hér sérstaklega eftirfarandi atriði:

Það er gott að sjá fyrsta skref af endurskoðun á fæðingarorlofslöggjöfnni sem er því miður að mörguleiti meingölluð. Enda var ekki leitað til sérfræðinga sem vinna daglega við þennan málaflokk og sjá hvar þörfinn er (t.d. félagsráðgjafa á kvennadeildinni) þegar hún var gerð. Tímabært er að endurskoða rétt foreldra til fæðingarorlofs þegar barn deyr í móðurkviði. Er breytingin sem nú er kynnt til mikillra bóta enda er verið að gefa foreldrum rímri rétt til fæðingarorlofs enda hefur reynslan sýnt fram á að 1 1/2 mánuður fyrir hvort foreldri er engan veginn nóg.

Fyrsta athugasemdi við þetta frumvarp er varðandi fleirburafæðingar þar sem annað barnið deyr í móðurkviði en hitt fædist lifandi. Að syrgja barn og gleðjast yfir öðru er flókið ferli og óhætt að segja að fyrstu mánuðir eru erfiðir. Mikilvægt er að þau fái að halda þeim auka mánuðum sem fleirburafæðingar gefa þó að foreldrar missi annað barn sitt.

Önnur athugasemd er þegar foreldrar eru ekki skráðir saman eða gift. Hefur faðir því engan rétt til fæðingarorlofs þar sem látið barn er ekki feðrað. Það þarf að athuga hvernig er hægt að mæta þessum aðstæðum. Foreldrar eru oft saman en hafa ekki gengið frá skráningu á sambúð formlega. Einnig þó að foreldrar séu ekki saman þá getur faðir þurft svigrún til að syrgja látið barn sitt.

f.d. Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd

framkvæmdastjóri